

ÁSDÍS RÓSA MAGNÚSDÓTTIR

## Um siðbætandi sögur og ævintýri í *Kvöldvökunum 1794*

Hannes Finnsson og Marie Leprince de Beaumont

Stuttar sögur og textar af ýmsum toga voru drjúgur hluti af því lesefni sem ætlað var ungum lesendum þegar farið var að gefa út veraldleg rit fyrir æskufólk í lok 18. aldar hér á landi.<sup>1</sup> Tvær bækur ætlaðar ungmennum komu út um svipað leyti á þessum tíma, *Sumargjöf handa börnum*, þýskt siðbætandi kver sem Guðmundur Jónsson prófastur mun hafa þýtt úr dönsku, og *Kvöldvökurnar 1794* eftir Hannes Finnsson. Þótt siðbótin sé í fyrirrúmi í verkunum tveimur og þau innihaldi bæði safn stuttra texta sækir það siðarnefnda efnivið sinn í aðrar áttir en það fyrra. Í greininni verður fjallað um ritin tvö en sjónum einkum beint að *Kvöldvökunum 1794* og því franska verki sem Hannes virðist hafa haft til hliðsjónar við gerð þeirra, *Le Magasin de enfants* eftir Marie Leprince de Beaumont.

Í inngangi að *Kvöldvökunum 1794* skrifaði Hannes Finnsson, biskup í Skálholti:

[...] þá er mitt ráð að, að kenna börnum ei hinn fyrsta bóklestur á Guðfrædisbækur, heldur smásögur, audskilin heilræði og þvífíkt t.d. Sumar-gjöf handa börnum, sem er yfrid gód og þægileg bók til barna uppfræðingar. Þegar börn eru búin með hana, þá kynnu sumar frásagnir og dæmisögur úr *Kvöldvökum* þessum vera betri til æfingar í lestri, enn ein og önnur ósidsamlega æfintýri, riddara- og trölla-sögur, um hnútuköst og knífilyrði jötna, með öðrum sómalitlum eda aldeilis ótrúlegum athöfnum þeirra.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Ég þakka ritrýnendum *Ritsins* fyrir afar gagnlegar ábendingar og athugasemdir.

<sup>2</sup> *Kvöld-vökurnar 1794*, Samanteknar af Dr. Hannesi Finnssyni, Fyrri Parturinn, Leirárgörð-



Ritið

1. töl. 25. árg. 2025 (29-48)  
Ritrynd grein

© 2025 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar og  
höfundur greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.25.1.3  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

Hannes var heldur ekki hrifinn af því að börn æfðu lestur af kristilegum ritum þar sem það gæti ýtt undir óbeit á trúnni.<sup>3</sup> Hann átti frumkvæði að þýðingu á kveri sem í íslenskri þýðingu fékk heitið *Sumargjöf handa börnum* og kom út árið 1795.<sup>4</sup> Guðmundur Jónsson prófastur útlagði ritið og studdist við danska þýðingu á þýska ritinu *Zeitvertreib und Unterricht für Kinder, vom dritten bis zehnten Jahr, in kleinen Geschichten* eftir Johann August Ephraim Goeze, sem kom út í Leipzig árið 1783. Danska gerðin var styttn og löguð að dönskum ungdómi undir heitinu *Tidsfordriv og Undervisning for Børn, fra deres femte til deres tiende Alders Aar i smaae Historier* og gefin út Óðinsvéum árið 1790.<sup>5</sup> Eins og Silja Aðalsteinsdóttir bendir á segir danska heitið meira um innihald verksins en það íslenska, og smásögurnar og þættirnir snúa einkum að því að segja börnum hvað þau eigi ekki að gera.<sup>6</sup> Í íslenskri þýðingu var verkið einnig sniðið að nýjum lesendum og í formála sínum tekur útgefandinn, Magnús Stephensen, fram að óvída sé verkið orðrétt útlegg- ing dönsku bókarinnar, heldur sé það lagað að íslenskum lesendum:

---

um við Leirá, Prentadur að Forlagi ens Íslenska Landsuppræðingar félags, 1796, bls. VII–XXVII, hér bls. XXIII. Síðari hluti verksins kom út 1797. Inngangsorð Hannesar voru endurútgefin í litlu kveri árið 1853: „Til Lesenda og heyranda Bókarinnar“, *Formáli, sem dr. Hannes biskup skrifaði 1794, þegar hann gaf út Kvöldvökurnar, og endurbætti fyrri þartinn, seinasta árið sem hann lifði; hinn þartinn sá hann ekki. Formálann leiðrjetti hann og verður hann hjer prentaður, eins og kominn er frá hans hendi*, Kaupmannahöfn, 1853, bls. 16. *Kvöldvökurnar 1794* voru endurútgefnar í Reykjavík í styttri útgáfu árið 1848.

<sup>3</sup> Þessi viðhorf til lesefnis barna – og reyndar íslensks almúgafólks sem *Kvöldvökurnar* eru einnig ætlaðar – eru ekki ný af nálinni og bregður til dæmis fyrir í formála Guðbrands Þorlákssonar að verkinu *Ein ný sálmabók* sem kom út á Hólum árið 1589. Um lesefni fyrir börn fyrir tilkomu *Sumargjafar* og *Kvöldvökanna* fjallar til dæmis Helga K. Gunnarsdóttir, „Bókmenntir“, *Upplýsingin á Íslandi, Tíu ritgerðir*, ritstjóri Ingi Sigurðsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990, bls. 216–243. Hér gefst ekki svigrúm til að fjalla nánar um þetta efni.

<sup>4</sup> Sjá bréf Hannesar Finnssonar til Magnúsar Stephensen dagsett 26. janúar 1795. Lbs 25 fol. Í formála sínum að verkinu tekur Magnús Stephensen fram að Hannes Finnsson hafi valið verkið og fengið Guðmundi Jónssyni það í hendur til að hann „gæfi hana aftur vorum ungdómi í lengi eftir-óskaða Sumar-gjöf“, *Sumar-Gjöf handa Børnum*, frá Sra. Guðmundi Jónssyni, Leirárgørdum við Leirá, 1795. Hannes kom einnig að útgáfu *Lærdómsbókar í evangelískum kristilegum trúarbrögðum handa unglingum* eftir Nicolai Edinger Balle sem var fyrst prentuð hér á landi árið 1796 í þýðingu Einars Guðmundssonar og Hannesar Finnssonar.

<sup>5</sup> Þetta kemur fram í formála Magnúsar Stephensen að *Sumar-Gjöf handa Børnum*. Verk Goeze má finna í *Deutsches Textarchiv* (DTA): <https://www.deutsches-textarchiv.de/api/pnd/116745509>.

<sup>6</sup> Silja Aðalsteinsdóttir fjallar um smásögur fyrir börn á 18. og á fyrri hluta 19. aldar í verki sínu *Íslenskar barnabækur 1780–1799*, Reykjavík: Mál og menning, 1981, sjá einkum bls. 40–49, hér bls. 41.

[Bókin er] allvíða umsteypt eptir vorum landsháttum og með ástundan allstadar lögud eptir nátturlegu barna-máli. Annars bæri mér og að nokkru leiti að standa hér reikning fyrir það frá adal-skrifinu útaf brugdna, þar eg, með Hra. Prófastsins leyfi, hefi sumstadar styt, umbreytt og samandregid, en sumstadar með öllu úrfellt þær ómerki-legustu og missanlegustu frásögur og barna-samrædur, en á fácinum stöðum litlu innsmeygt, einúngis í því skyni, að Sumar-gjöf þessi mætti sem best gédiast og henta íslenskum úngdómi, [...].<sup>7</sup>

Magnús, og ef til vill Guðmundur sjálfur, hefur því umbreytt textunum og staðfært. Magnea J. Matthíasdóttir bendir á að hér hafi verið lagðar línur í þýðingu á barnabókmenntum á Íslandi, að textinn skuli staðfærður, og að mat þýðanda, ritsgjafa eða útgefanda á því hvað henti börnum ráði fór í þeim efnum, en ekki frumtextinn.<sup>8</sup> Það á eflaust við um margar af þeim sögum sem hér eiga í hlut. Smásögur *Sumargjafir handa börnum* eru keimlíkir, stuttir textar, 2–5 blaðsíðna langir,<sup>9</sup> einkum ætlaðir börnum til betrunar eins og sum kaflaheitin gefa berlega til kynna: 4. Hrekiótta barnid; 6. Barnid, sem heimtar allt; 9. Barnid, sem skrokvar; 25. Þverlynda barnid; 33. Nockrir veniulegir barna-brestir í halaróu; 34. Matgíruga barnid; 35. Óþackláta barnid; 36. Þackláta barnid; 37. Nockrar bord-reglur; 39–41. Hættulegir barnaleikir; 44. Ógudlegi strákurinn; 46. Svefn-purkan; 55. Dauda-þánskar handa börnum; 56. Kirkju-gardurinn; og, að lokum, 57. Graf-skrift yfir góðu barni.<sup>10</sup> Margir textanna fjalla um reimeika og skynsamlegar skýringar á fyrirbærum af þeim toga. Þótt skemmtigildi ritsins virðist vega mun léttar en siðbætandi hlutverk þess fengu íslensk börn að kynnast öðrum veruleika en sínum eigin í mörgum smásagnanna í verkinu því eins og Guðlaug Gísladóttir bendir á er sjaldan minnst á vinnu barna enda eru sögupersónur bókarinnar evrópsk borgarbörn sem ganga í skóla.<sup>11</sup> Dagný Krist-

<sup>7</sup> Magnús Stephensen, „Formáli“, *Sumar-Gjöf handa Börnum*, án blaðsíðutals.

<sup>8</sup> Magnea J. Matthíasdóttir, „Erlendar söguhetjur á íslenskum skóm“, *Börn og menning* 32: 1/ 2017, bls. 10–15.

<sup>9</sup> Í þessu samhengi virðist orðið smásaga því hafa merkinguna stutt (skálduð) frásögn. Elstu heimildir um orðið í íslensku eru frá árinu 1685 og er að finna í *Bréfi Þormóðar Torfasonar og strá Torfa Jónssonar [svo og strá Jóns Torfasonar]*, AM 285b fol. Sjá einnig uppflettið orðið „smásaga“, í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans*, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sótt 12. mars 2025 af <https://ritmalssafn.arnastofnun.is/daemi/439180>.

<sup>10</sup> Í bókinni eru samtals 57 kaflar. Um *Sumargjöf handa börnum* má einnig lesa hér: Loftur Guttormsson, *Bernska, ungðómur og uppheldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*, Reykjavík: Sagnfræðirannsóknir, 1983, bls. 201–202.

<sup>11</sup> Sjá umfjöllun Guðlaugar Gísladóttur: „Það var vel artað barn og hafði fengið hreina sálu“. Fyrsta þýdda barnabókin á íslensku“, *Jón á Bægisá* 4: 1/1999, bls. 29–36, hér bls. 31.

jánsdóttir nefnir að slysasögur hafi alltaf tilheyrt siðbætandi sögum fyrir börn og tilgreinir að hin franska Jeanne-Marie Leprince de Beaumont, höfundur *Le Magasin des enfants*, sé gjarnan talin vera upphafsmaður siðbætandi frásagna fyrir börn.<sup>12</sup> Nánar verður vikið að því verki hér á eftir.

*Sumargjöf handa börnum og Kvöldvökurnar 1794* spretta upp úr fræðslustefnu 18. aldar og eru siðbótarrit, hvort á sinn hátt.<sup>13</sup> Í formála sínum að *Sumargjöf* fer Magnús Stephensen mörgum orðum um mikilvægi þess að uppfræða börnin, ekki síst vegna þess að „mönnnum bregði oft til þess fullorðnum, er þeir venjast í æskunni“ og að „höfuðmeðal til mannlegrar farsældar hér og annars heims, sé upplýsingin, er fyrst innrætist með góðu uppeldi barna“.<sup>14</sup> Tónninn í verki biskups er mildari en umvöndunarbragurinn á riti Goeze og sá grundvallarmunur er á verkunum að *Sumargjöf* er þýðing og aðlögun á einu riti en vökulestrar Hannesar innihalda þýðingar biskups á ólíkum verkum og, inn á milli, kafla sem hann samdi sjálfur, líklega einkum hluta af hugleiðingum um trúarleg málefni og vísindapistla. Einnig nefnir höfundur það hlutverk ritsins að æfa skarpleika, vekja til umhugsunar, og gleðja og hressa sál og líkama með sýnishorni af „útlendra þjóða gleði“ eða leikritum.<sup>15</sup> Þessar áherslur endurspeglast í fjölbreytileika ritsins en þar er að finna dæmisögur, flestar af forngrískum uppruna,<sup>16</sup> frönsk ævintýri frá síðari hluta 18. aldar, gátur, spakmæli, leikrit ætluð börnum og fróðlega kafla eða hugleiðingar um söguleg málefni og vísindi, að ógleymdum helgarpistlum um trúarleg efni, skipt niður í 84 nokkuð mislanga kafla. Vökulestrarnir eru hins vegar 69 samtals, sá fyrsti dagsettur 24. október, fyrsta vetrardag, og sá síðasti 31. desember.<sup>17</sup> Áheyr- endur hafa því þurft að sýna þolinmæði þegar röðin kom að lengstu frásögnunum sem náðu yfir fleiri en einn vökulestur.<sup>18</sup> Þessi tímasetning vökulestranna bendir til þess að *Kvöldvökurnar* séu eins konar svar, eða framhald, við *Sumargjöfina*.

<sup>12</sup> Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn. Íslenskar barnabókmenntir verða til*, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun og Háskólaútgáfan, 2015, bls. 38–39.

<sup>13</sup> Um slíkar áherslur í starfi og verkum Hannesar Finnssonar, sjá Loftur Guttormsson, „Uppeldis- og fræðsluáherslur í starfi Hannesar Finnssonar biskups“, *Greinar af sama meidi, helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum*, Reykjavík: Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands, 1998, bls. 159–167.

<sup>14</sup> „Formáli“, *Sumar-Gjöf handa Börnum*, án blaðsíðutals.

<sup>15</sup> *Qvöld-vökurnar 1794*, Fyrri Parturinn, bls. xxiv.

<sup>16</sup> Um dæmisögur í *Kvöldvökunum 1794*, sjá Ásdís Rósa Magnúsdóttir, „Dæmisögur Hannesar Finnssonar í *Kvöldvökunum 1794*“, *Milli mála* 16: 1/2024, bls. 191–216.

<sup>17</sup> Í efnisyfirliti fremst í 2. bindi er prentvilla og í stað 84 stendur 85.

<sup>18</sup> Hér má benda á líkindi með vökulestrum og húslestrum, sjá t.d. Ásdís Rósa Magnúsdóttir, „Dæmisögur Hannesar Finnssonar í *Kvöldvökunum 1794*“, bls. 193, nmgr. 8; Lena Rohrbach, „Subversive Inscriptions. The Narrative Power of the Paratext in *Saga Ólafs Þórhallasonar*“, *Gripla XXXI*/ 2024, bls. 335–365, hér bls. 358.

Líkt og *Sumargjöf handa börnum* eru *Kvöldvökur* 1794 að hluta til samræðurit og vera má að Hannes hafi fengið hugmyndina að því þekkta frásagnarformi við lestur á riti Goeze. Svo þarf þó ekki að vera enda átti hann gott bókasafn og var víðlesinn. Hannes lét ógert að tilgreina í formála sínum heiti þeirra verka sem hann studdist við og sagðist ekki fylgja neinu meginriti. Þó er ljóst að hann sótti stærstan hluta efniviðar síns í erlendar bækur og úmarit og því má ætla að í *Kvöldvökunum* gæti áhrifa úr ýmsum áttum, þótt í mismiklum mæli sé. Í bréfi til Magnúsar Stephensen telur Hannes upp nokkur rit, einkum þýsk og frönsk, sem hann hafði þá lokið við að þýða úr.<sup>19</sup> Upplýsingar um fleiri rit má finna í handritum en helstu höfundarnir sem Hannes leitaði til við gerð *Kvöldvakanna* eru Marie Leprince de Beaumont, Friedrich von Hagedorn, David-Étienne Choffin og Christian Gotthilf Salzmann. Þau eiga það öll sameiginlegt að hafa tekið saman safnrit með stuttum frásögnum af ýmsum toga ætluð ungmennum, sem komu út á síðari hluta 18. aldar.<sup>20</sup> Vökulestrar Hannesar eru því fjölbreyttir, eins og sjá má á efnisyfirliti verksins:<sup>21</sup>

| FYRRI PARTURINN                                                | SÍDARI PARTURINN                                                            |
|----------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------|
| 1. Íslands kulda-vedrátt. Psalm. 147, 12. 15–18.               | 49. Sagan af Farsæl og Lánleysing. Eptirlætis og olboga barnid.             |
| 2. Gátur.                                                      | 50. Oskirnar.                                                               |
| 3. Á misjöfnu þrífást börnin best. Sífeldt blíðvidri.          | 51. Gátur.                                                                  |
| 4. Fyrri gátunar þýða: [...] Adrar gátur.                      | 52. Dæmi-sögur.                                                             |
| 5. En sem Jesus sá þeirra trú, etc. Matth. 9, 2. Um orðid Trú. | 53. Enginn veit hvört gæfa géfst þá girnist. Enginn dagur til enda tryggur. |
| 6. Allt verður þeim til góða, sem Gud elska. Lán úr óláni.     | 54. Snilli- og kýmin-yrdi.                                                  |
| 7. Sundurlausir þáncar.                                        | 55. Um hala-stjörnur.                                                       |

<sup>19</sup> Lbs 25 fol.

<sup>20</sup> Hannes studdist við eftirfarandi rit: Madame Leprince de Beaumont, *Magazin des enfans*, La Haye, 1758; David-Etienne Choffin, *Nouveau Recueil de Fables en vers et en prose*, Halle, 1755; *Des Herrn von Hagedorns sämtliche Poetische Werke*, Hamburg: bey Johann Carl Bohn, 1760 (í 2. bindi verksins er að finna rit Hagedorns, *Fabeln und Erzählungen*, en þar fékk Hannes nokkrar sögur að láni). Sitt hvað sótti Hannes einnig í *Almuens Lærer* eftir Lauritz Hasse (*En nyttig Læsning for Meenigemand i Danmark og Norge*, Gyldendals Forlag, 1785) og fleiri rit.

<sup>21</sup> Kaflaheitin eru birt hér eins og þau eru í ritinu, en ekki í efnisyfirliti verksins þar sem dálítið misræmi er í framsetningu.

|                                                                                                                                                                                                                               |                                                                                                                                                                                                             |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 8. Dæmi-sögur.                                                                                                                                                                                                                | 56. Hafid gát á ydur og biðjid, ætíð nær þér gétid því viðkomid, svo þér mættud verdugir álitast að sleppa hjá því, sem uppá mun koma og að verða Messías's handgengnir þénarar. Luc. 21, 36. Bænar aðferd. |
| 9. Gátur.                                                                                                                                                                                                                     | 57. Góð Börn eru foreldranna besta aðlegd. Gledi handa Börnum, í tveim Flockum.                                                                                                                             |
| 10. Sá hefir nóg sér nægia lætur. Ánægja og ástundan í sinni stétt.                                                                                                                                                           | 58. Öpt er flagd undir fögru skinni. Fríðleikur.                                                                                                                                                            |
| 11. Öl er innri maður.                                                                                                                                                                                                        | 59. Gátur.                                                                                                                                                                                                  |
| 12. Gátur.                                                                                                                                                                                                                    | 60. Blindir fá sýn, haltir ganga, líkþráir hreinsast, daufrir heyra, dauðir upprisa og ángrudum bodast að Kristur sé kominn. Matth. II, 5. Guð er vor faðir.                                                |
| 13. Um Bí-flugur.                                                                                                                                                                                                             | 61. Um Skrýmslid góða. Góðmennska.                                                                                                                                                                          |
| 14. Gátur.                                                                                                                                                                                                                    | 62. Sundur-laúsir þánkar.                                                                                                                                                                                   |
| 15. Sælir eru hrein-hiartadír. Matth. 5, 8. Um orðid trú.                                                                                                                                                                     | 63. Gátur.                                                                                                                                                                                                  |
| 16. Góðmenska og gott uppeldi eru af-fara-góð. Sagan af Trausta konungi.                                                                                                                                                      | 64. Músar sagan.                                                                                                                                                                                            |
| 17. Ecki er allt sem sýnist. Um drauga.                                                                                                                                                                                       | 65. Dæmisögur.                                                                                                                                                                                              |
| 18. Engu að trúa ecki er gott, en öllu hálfu verri. Um blóðlitad vatn.                                                                                                                                                        | 66. Edlis þýngd manneskju í vatni.                                                                                                                                                                          |
| 19. Grafskrift, 1794.                                                                                                                                                                                                         | 67. Gátur.                                                                                                                                                                                                  |
| 20. Dæmi-sögur.                                                                                                                                                                                                               | 68. Eigi em eg Elías. Jóh. I, 21. Elías og Jón Skírari.                                                                                                                                                     |
| 21. Gátur.                                                                                                                                                                                                                    | 69. Eckert líferni er Guði þægt, nema það sé mönnunum nýtsamlegt. Ydnin er Guði þócknanleg.                                                                                                                 |
| 22. Hann trúi og allt hans heima-fólk, Joh. 4, 53. Um orðid Trú.                                                                                                                                                              | 70. Sagan af herra Jóhann Sólskjöld.                                                                                                                                                                        |
| 23. Drottinn! hvörr mun búa í þinni tiald-búd? hvörr mun hvílast á þínu heilaga fjalli! – Sá, sem heldur það, sem hann lofar sínum náunga – hvörr ed þetta gíörir, honum mun vel vegna æfinlega. Psálm. 15, 1.4.5. Ordheldni. | 71. Gátur.                                                                                                                                                                                                  |
| 24. Sumargiafirnar. Gledi handa börnum. Einn flokkur.                                                                                                                                                                         | 72. Guðhræðslan er af-faragóð.                                                                                                                                                                              |
| 25. Gátur.                                                                                                                                                                                                                    | 73. Hjátrú.                                                                                                                                                                                                 |
| 26. Loford á skeid, útgjald í hapti. færi betur: Loford í hapti, útgjald á skeid. Ordheldni.                                                                                                                                  | 74. Gátur.                                                                                                                                                                                                  |

|                                                                                      |                                                                                                                                         |
|--------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 27. Skyldir þú eigi vera miskunsamur við þinn samlags þjón? Matth. 18, 33. Fríðsemi. | 75. Sæla er á jörðu, og (Gud hefur) velþökkun á manneskjunum. Lúca. 2, 14. Krists fæðing.                                               |
| 28. Æfisaga Eiríks. Ófríðsemi.                                                       | 76. Hvorsu opt hefi eg viljad samansafna yður, eins og hænna safnar úngum sínum saman undir vængi sér! Matth. 23, 37. Krists kénningar. |
| 29. Dæmisögur.                                                                       | 77. Manneskja, er ei gat sockid í vatni, og vatn, sem enginn gétur sockid í.                                                            |
| 30. Gátur.                                                                           | 78. Sjaldan veldur einn, þegar tveir deila. Meda, að bóndi berji ei konu s.                                                             |
| 31. Hvornin menn képpast eptir meðölum að verða farsælir. Farsældar meðöl.           | 79. Gátur.                                                                                                                              |
| 32. Glæraugna sjónhverfingar. Breytileg glæraugu.                                    | 80. (Spákona Anna) géck eigi úr musterinu, þjónandi Gudi nótt og dag með föstum og bæna-haldi. Lúca. 2, 37. Kirkjuferdir.               |
| 33. Reisa til tunglsins.                                                             | 81. Margur ágirnist meir enn þarf. Metnadur og ágirnd.                                                                                  |
| 34. Sundurlausir þánkar.                                                             | 82. Opt er von vakandi manns draumur. Vonargérði.                                                                                       |
| 35. Fríðleikur sálar og líkama. Fríður og Ljótun.                                    | 83. Rádhing Gátanna.                                                                                                                    |
| 36. Far þú í dans, en gættu að hvar þú stíður. Presturinn og hundrads-höfðinginn.    | 84. Illt er að ega óskir margar, ef enginn kémur til bjargar. Að vita fyrirfram forlög sín.                                             |
| 37. Gátur.                                                                           |                                                                                                                                         |
| 38. Lopt og vindur. Psálm. 107, 23-32.                                               |                                                                                                                                         |
| 39. Ráðning gátanna.                                                                 |                                                                                                                                         |
| 40. Sendibréf til Galata. Sendibref Páls Postula til Galata.                         |                                                                                                                                         |
| 41. Utlegdar Sagan.                                                                  |                                                                                                                                         |
| 42. Öfundsjúkir eru sínir egin qvalarar. Öfundýki.                                   |                                                                                                                                         |
| 43. Gátur.                                                                           |                                                                                                                                         |
| 44. Sagan af Furstanum Alexander Menzikof.                                           |                                                                                                                                         |
| 45. Litir, sem sýnast.                                                               |                                                                                                                                         |
| 46. Forn Spakmæli.                                                                   |                                                                                                                                         |
| 47. Gátur.                                                                           |                                                                                                                                         |
| 48. Endirinn af Sendibréfinu til Galata.                                             |                                                                                                                                         |

Samræðurit voru algeng á fornöld og á miðöldum enda gefur umræðuformið kost á spurningum og svörum, ólíkum sjónarhornum og skoðanaskiptum um hin ýmsu málefni þar sem hægt er að stýra samtölum á uppbyggjandi hátt. Það hentaði ekki síður vel í uppeldis- og fræðsluritum upplýsingarmanna og var til dæmis notað óspart af fyrrnefndri Marie Leprince de Beaumont sem var brautryðjandi í ritun barnabóka á 18. öld.<sup>22</sup> Ljóst er að áhugi Hannesar á barnabókmenntum kviknaði löngu áður en hann hóf að vinna að gerð *Kvöldvakanna 1794* og hann var vel kunnugur þremur af verkum Leprince de Beaumont sem ætluð voru ungmennum. Í lista hans yfir keyptar bækur frá þeim tíma er hann dvaldi í Kaupmannahöfn kemur fram að árið 1765 hafi hann fest kaup á *Le Magasin des enfants*, sem fyrst kom út árið 1756, og ári síðar skráir hann hjá sér *Le Magasin des adolescentes* sem Marie Leprince de Beaumont samdi fyrir unglingstúlkur og kom út árið 1760 sem framhald af *Le Magasin des enfants*. Auk þess þekkti Hannes þriðja rit frönsku kennslukonunnar sem ætlað var ungum konum, *Instructions pour les jeunes dames*, sem kom fyrst út árið 1764 í framhaldi af ritinu frá 1760.<sup>23</sup> Leprince de Beaumont var afkastamikill rithöfundur og lét sér ekki síst annat um menntun ungra kvenna. Meðal annarra verka gaf hún út tímaritið *Le Nouveau Magasin François, ou Bibliothèque instructive et amusante*, sem kom út mánaðarlega á árunum 1750–1752.

*Le Magasin des enfants* er ein af þekktustu barnabókum 18. aldar og kom út í fjórum bindum í Lundúnum þar sem höfundurinn starfaði við frönskukennslu. Verkið var hugsað sem siðbætandi og fræðandi lesefni fyrir ungar stúlkur sem lögðu stund á frönsku en varð vel þekkt og víðlesið, bæði af þeim sem vildu spreyta sig á tungumálinu, en einnig í þýðingum.<sup>24</sup> Ritin þrjú sem ætluð eru ungum stúlkum og konum eru öll byggð upp sem samtalsfrásagnir. Í *Le Magasin des enfants* mynda samræður kennslukonunnar Mademoiselle Bonne við sjö stúlkur á aldrinum fimm til þrettán ára frásagnarramma um þrettán ævintýri – *contes* og *fables* – sem kennslukonan segir nemendum sínum.<sup>25</sup> Leprince

<sup>22</sup> Sjá t.d. Marie Leprince de Beaumont, *De l'éducation des filles à La Belle et la Bête*, í ritstjórn Jeanne Chiron og Catriona Seth, París: Classiques Garnier, 2013; *Une éducatrice des Lumières, Marie Leprince de Beaumont*, í ritstjórn Rotraud von Kulesa og Catriona Seth, París: Classiques Garnier, 2018.

<sup>23</sup> Tvö ritanna voru í skrá Hannesar yfir keyptar bækur, en nákvæmt yfirlit yfir efni tveggja fyrstu ritanna og fyrra bindis þess þriðja má finna í sömu skrá, Lbs 136 8vo.

<sup>24</sup> Verkið var þýtt á dönsku af Johan Christian Shønheyder og kom út á árunum 1763–1764 undir heitinu *Madame Marie le Prince de Beaumonts Magazin for Børn*.

<sup>25</sup> Um hlutverk samtalsins í *Le Magasin des enfants* má t.d. lesa í grein Rotraud von Kulesa, „La fonction du dialogue dans *Le Magasin des enfants* de Marie Leprince de Beaumont“, *Marie Leprince de Beaumont, De l'éducation des filles à La Belle et la Bête*, bls. 73–84.



de Beaumont sótti sögurnar að hluta til í önnur verk, endurritaði og lagaði að sínum unga lesendahópi, en samdi aðrar þeirra sjálf. Verkinu er skipt niður í 29 samtöl sem ná yfir 27 daga og spinnast um efni ævintýranna og teygjast í ýmsar áttir, trúarlegar, ævisögulegar og vísindalegar.<sup>26</sup> Verkið inniheldur því alls kyns fróðleik enda var helsta markmið höfundar með ritinu – fyrir utan það að kenna frönsku – að uppfræða börnin og kenna þeim góða siði.<sup>27</sup> Í inngangi segist höfundur ekki fylgja neinu aðalriti og að innihaldið komi úr ýmsum áttum en Leprince de Beaumont var ein af fyrstu rithöfundunum sem nýttu sér ævintýri til uppfræðslu barna. Í endurritun hennar á þekktum sögum – eins og til dæmis „Fríðu og Dýrinu“ sem var upphaflega samin af franska rithöfundinum Madame de Villeneuve og kom fyrst út árið 1740 í *La Jeune Américaine et les contes marins* – fengu ævintýrin mun siðferðislegri blæ en fyrr og þessa tilteknu sögu stytta Leprince de Beaumont til muna, einfaldaði og lagaði að þeim siðaboðskap sem hún vildi miðla til lesenda sinna.<sup>28</sup> Forverar hennar, frönsku rithöfundarnir Madame d'Aulnoy og Madame de Villeneuve, sem sendu frá sér ævintýrasöfn í lok 17. aldar og á fyrri hluta þeirrar 18., fléttuðu ekki siðaboðskap inn í sögur sínar á sama hátt, enda voru þær ekki ætlaðar börnum.<sup>29</sup> Í þessu samhengi má staldra við orðið „ævintýri“, sem hér er notað sem þýðing á orðinu „conte“ en í orðabók Frönsku Akademíunnar frá árinu 1740 er „conte“ skilgreint sem „frásögn af atburði, sönn eða skálduð, alvöruþrungin eða ánægjuleg“.<sup>30</sup> Til að undirstrika tengslin við hið yfirnáttúrulega var svo farið að tala um „conte de fée“ eða „álfkonuævintýri“, þar sem álfkonan (*fée*) stýrir örlögum, til góðs eða ills, eins og algengt er í frönskum ævintýrum 17. og 18. aldar. Kennslukonan í *Le Magasin des enfants* gefur þó orðinu „conte“ dálítið aðra merkingu í 3. samtali

<sup>26</sup> Rotraud von Kulesa, „La fonction du dialogue dans *Le Magasin des enfants* de Marie Leprince de Beaumont“, *Marie Leprince de Beaumont. De l'éducation des filles à La Belle et la Bête*, bls. 73–83.

<sup>27</sup> Verkið hefst á fróðlegum inngangsorðum eða „Avertissement“. Hér er stuðst við eftirfarandi útgáfu: Madame de Villeneuve, *La Jeune Américaine et les contes marins* (*La Belle et la Bête*); *Les Belles Solitaires*; Madame Leprince de Beaumont, *Magasin des enfants* (*La Belle et la Bête*), París: Honoré Champion, 2008, bls. 967–982 („Avertissement“).

<sup>28</sup> Söguna, ásamt samtalinu sem fylgir henni, má finna í ritinu *Fríða og Dýrið*. *Franskar sögur og ævintýri fyrri alda*, þýðandi Ásdís R. Magnúsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnboga-dóttur/Háskólaútgáfan, 2021, bls. 259–285.

<sup>29</sup> Ævintýri Madame d'Aulnoy enduðu þó oftast á stuttu kvæði sem kallaðist „moralité“ (siðaboðskapur) þótt oft væri þar engan boðskap að finna. Þótt ævintýri samlanda þeirra Charles Perrault væru ætluð yngri kynslóðinni kemur siðaboðskapur sagnanna gjarnan á óvart.

<sup>30</sup> „conte“, *Dictionnaire de l'Académie française*, 3<sup>e</sup> édition (1740), sótt 15. mars 2025 af <https://www.dictionnaire-academie.fr/article/A3C1699>.

verksins: „Saga (*histoire*) er sönn en ævintýri (*conte*) er ósatt og samið eða flutt til þess að skemmta ungu fólki.“<sup>31</sup> Það væri þó ekkert að því að segja ósannar sögur svo lengi sem höfundur þeirra léti ekki annað í veðri vaka en að þau væru ósönn; í meðförum Leprince de Beaumont var boðskapur ævintýranna enda þess eðlis að hann átti fullt erindi til ungra lesenda þótt ekki væri þau frásagnir af sönnum atburðum.

Leprince de Beaumont þekkti vel frönsku ævintýrasöfnin en hún hefur einnig verið kunnug fyrstu barnabókunum sem komu út í Englandi þar sem hún var búsett frá árinu 1748 til 1763. Árið 1744 kom út það verk sem stundum er litið á sem fyrstu barnabókina í Englandi og var eftir John Newbery: *A Little Pretty Pocket-Book, Intended for the Instruction and Amusement of Little Master Tommy, and Pretty Miss Polly with Two Letters from Jack the Giant Killer; as also a Ball and Pincushion; The use of which will infallibly make Tommy a good Boy, and Polly a good Girl*. Newbery vildi ekki aðeins að verkið væri fræðandi heldur einnig skemmtilegt og þar er að finna leiki, holhráð og heilræði fyrir stúlkur og pílta.<sup>32</sup> Árið 1749 kom svo út verk Söruh Fielding, *The Governess; or, Little female academy. Being the history of Mrs. Teachum, and her nine girls with Their nine days amusement. Calculated For the Entertainment and Instruction of Young Ladies in their Education*.<sup>33</sup> Í þessari níu kafla skáldsögu ræða kennslukonan Mistress Teachum og níu stúlkur saman um alls kyns atburði: bernsku og foreldramissi, en líka ýmislegt smávægilegt eins og það hvernig útljá megi rífrildi út af einu epli ... Vafalítið hafa þessi verk haft áhrif á efnistöð Leprince de Beaumont í *Le Magasin des enfants* sem hefst á hversdagslegu spjalli tveggja stúlkna um hvort sé betra: brúðuleikur eða bóklestur.

Í blaðsíðum talið er *Le Magasin des enfants* líklega það verk sem Hannes þýddi einna mest úr. Skemmtanagildi og einfaldur siðaboðskapur skýrir áhuga biskupsins á ævintýrunum sem, þrátt fyrir miklar vinsældir hjá lesendum, þóttu almennt ekki finar bókmenntir, enda undirlögð af álfkonum og hinu yfirnáttúrulega.<sup>34</sup>

<sup>31</sup> Madame de Villeneuve, *La Jeune Américaine et les contes marins (La Belle et la Bête)*; *Les Belles Solitaires*; Madame Leprince de Beaumont, *Magasin des enfants (La Belle et la Bête)*, bls. 993.

<sup>32</sup> Patrick C. Fleming, „The Rise of the Moral Tale. Children’s Literature, the Novel, and the Governess“, *Eighteenth-Century Studies*, 46: 4/2013, bls. 463–477, hér bls. 463–464.

<sup>33</sup> *The Governess; or, Little female academy. Being the history of Mrs. Teachum, and her nine girls with Their nine days amusement. Calculated For the Entertainment and Instruction of Young Ladies in their Education*, By the Author of David Simple [Sarah Fielding], Lundúnum, 1749.

<sup>34</sup> Leprince de Beaumont fjallar sjálf um skaðsemi ævintýra í inngangsorðum sínum (sjá síðar í þessari grein), og David-Etienne Choffin gerir lítið úr álfkonusögum (*contes des fées*) og öðrum frásögnum í þeim dúr í formála sínum að verkinu *Amusements philologiques ou Mélange agréable de diverses Pièces concernant l’Histoire des Personnes célèbres, les Événemens mémorables, les Usages & les Monumens des anciens, la Morale, la Mythologie, & l’Histoire Naturelle*, sem

Það kom ekki í veg fyrir að Hannes útleigði tíu sögur úr verkinu þótt aðeins sjö þeirra hafi skilað sér inn í vökulestrana:

|                                            |                               |
|--------------------------------------------|-------------------------------|
| La Belle et La Bête. Conte                 | Skrýmslið góða                |
| Conte du prince Fatal et du prince Fortuné | Sagan af Farsæl og Lánleysing |
| Aurore et Aimée                            | Lán úr óláni                  |
| Conte des trois souhaits                   | Óskirnar                      |
| Conte du pêcheur et du voyageur            | Metnaður og ágirnd            |
| Le prince Titi                             | Saga af Trausta konungi       |
| Bellotte et Laideronnette                  | Fríða og Ljótun               |

Hannes þýddi einnig „Músar sögu“ úr *Le Magasin des adolescentes* efur sama höfund sem hann birtir í síðari hluta *Kvöldvakanna* og kallar dæmisögu.<sup>35</sup> Hann gerði þó meira en að útleggja sögur frönsku kennslukonunnar og sýndi ritum hennar þremur sem hann hafði við hendina svo mikinn áhuga að hann greindi innihald þeirra og útbjó nákvæmt yfirlit um samtölin þar sem hann skrifaði niður og þýddi helstu atriði þeirra, en lét heiti ævintýranna standa á frummálinu eins og hér má sjá:



kom fyrst út í Halle árið 1749. Hannes var vel kunnugur þessu verki líka.

<sup>35</sup> Um hana er fjallað í grein höfundar, „Dæmisögur Hannesar Finnssonar í *Kvöldvökunum* 1794, bls. 191–216.

Líklegt er að Hannes hafi rýnt í þessi verk Leprince de Beaumont um það leyti sem hann vann að *Kvöldvökunum* og í glósum hans má sjá eftirfarandi punkta úr 1. bindi *Le Magasin des enfans*:<sup>36</sup>

Magazin des enfans Tom: 1  
I. Barnabruðan. p: 2. Þockalegleikr 4.  
Hrósgirnd 5.8.157. Skarpleikr 5.8.  
[II – Hannes sleppir þessu samtali]  
III. Le Prince Cheri. Conte. Samvitskann.  
13. Hvörninn maður á að lagfæ  
ra sig 34. 103. Ritninginn. 36.40.  
IV Ecki er Evu að lá, saga. 42.  
Øfund. 48. Illska. 49.  
V. La belle et la Bête. Conte. Ged  
giæska er betre enn fríðleikur.  
51. Góð verk eru alldrei  
ólaunud. 27.75. Fidrelldi 76.  
Hvar f' skip flýtur á vatni. 82  
Gud gefur allt gott. 84  
Regnbogenn. 86  
VI. Fatal et Fortuné. Conte.  
Eptirlæte skemmer börn, 87.  
Eptir því eru menn elskaðer og  
virdter, eptir því hvörninn þeir  
haga ser. 101. 133. aller eru  
af náttúrunne iller. 104  
+ Socrates. 106. Sú besta hefud,  
107 Foreldranna bølvan, 109  
+ Dryckiuskapur, dæme af  
Monica. 110. Mythologia grisk-  
ra, Jötnar, Jupiter, 115.  
Jardskiálfti og Jardelldur, 118.  
VII. Le Prince Charmant. Conte.  
Sú sanna og falska æra. 121  
Góðra manna felag, 137.  
Ein kona er Ráðskona manns

<sup>36</sup> Efnisyfirlitin eru aftast í lista hans yfir keyptar bækur 1759–1777, Lbs 136 8vo. Ég þakka Jóni Torfasyni fyrir aðstoð við lestur á handriti.

sins, 140. fátæker, 143  
 +VIII. La Veuve et ses filles. Conte.  
 Hátt stand er ej best. 149.  
 + Hvad útheimtest til ad vera  
 ánægður 156. Hótfyndne, 157.  
 Manndráp 160. ad gefa sig  
 under guds vilia. 161. Bænenn  
 161. 166. Vitar. 169. Þau 7 heim  
 sens furduverk. 171.178.  
 IX. Saga af Treseo og Völundarhúsi  
 173. Kenneteikn bidels. 176  
 grædge. 183. Kvennfólks ydni. 189

Í þessu fyrsta bindi eru níu samtöl og innan þeirra fimm ævintýri sem Hannes þýðir öll að því fyrsta undanskildu, „Le Prince Cheri“. Leiða má getum að því að gallar og grimmd aðalsöguhetjunnar, sem sér ekki að sér fyrr en að álfkona hefur breytt honum í hund, hafi ekki hitt í mark hjá Hannesi. Einnig má ætla að hann hafi ekki birt „Söguna um ekkjuna og dætur hennar“ („La veuve et ses filles“), sem hann íslenskaði engu að síður í handriti, þar sem innihald hennar er mjög keimlíkt „Sögunni um Friðu og Ljótuni“, og „Sögunni um Farsæl og Lánleysing“.

Samtalsformið er í senn grunnur og rammi að verki Leprince de Beaumont enda fá umræðurnar talsvert meira pláss en ævintýrin þrettán í *Le Magasin des enfants*. Fyrirmyndina hefur hún ef til vill sótt í fyrrnefnt verk Söruh Fielding en frönsk ævintýra- og smásagnasöfn koma einnig til greina. Madame de Villeneuve bjó til samtalsramma um sínar sögur sem ætlað var að drepa tímann hjá hópi ferðalanga á siglingu.<sup>37</sup> Slíkan ramma mátti einnig finna í *Tidægru* Boccacios þar sem tíu manna hópur segir tíu sögur á dag til þess að forðast leiðindi. Í *Sjödægru* Marguerite de Navarre, sem sækir ríkan innblástur til *Tidægru*, er efni hverrar sögu rätt í þaula af sögumanni og áheyrendum. Fyrirmynd Leprince de Beaumont gat einnig komið úr ævintýrasöfnum Madame d'Aulnoy sem samdi alls átta bindi af ævintýrum undir lok 17. aldar og var afkastamesti ævintýrahöfundur Frakka. Hún laumaði sínu fyrsta ævintýri, „Hamingjueyjunni“, inn í eina af skáldsögum sínum, *L'Histoire d'Hypolite comte de Douglas*, og í ævintýrasöfnum sínum (*Contes de fées*, *Contes nouveau ou Les fées à la mode*) átti hún það til að fella sög-

<sup>37</sup> Verk hennar er að finna í fyrri hluta ritsins: Madame de Villeneuve, *La Jeune Américaine et les contes marins* (*La Belle et la Bête*); *Les Belles Solitaires*; Madame Leprince de Beaumont, *Magasin des enfants* (*La Belle et la Bête*).

urnar inn í nóvellur og nóvellurnar síðan inn í stærri frásagnarramma.<sup>38</sup> Franski bókmenntafræðingurinn Anne Defrance bendir á að þessi aðferð endurspegli ákveðinn veruleika höfunda og lesendahópa sem voru því vanir að ævintýri væru sögð við ólík tækifæri.<sup>39</sup> Innan stærri verka hafi ævintýrum ætlað að vera í senn ótrúverðug hvað snertir atburðarás og sönn þegar tilfinningar eiga í hlut. Fyrir vikið varð ramminn trúverðugri.

Samtölin í baðstofunni og innskot sögumanns gegna þessu hlutverki í *Kvöldvökunum* þótt samræðurnar séu alla jafna fremur stuttar og ofast bundnar við trúarleg málefni eða hindurvitni.<sup>40</sup> Í vökulestri XVII leiðir sögumaður börnin úr baðstofunni fram í göng til þess að kveða niður ótta við drauga. Í sumum lestranna koma svo þýddar sögur, þankar og aðrir textar, hver á fætur öðrum, án samtals eða tengingar. Vera má að Hannes hafi hugsað sem svo að óþarft væri að láta samtöl fylgja slíkum textum, þeir skýrðu sig sjálfir, eða þá að umræður spryttu sjálfkrafa upp. Fyrsti lesturinn, fyrsta dag vetrar árið 1794, föstudaginn 24. október, hefst á stuttri lofræðu um samband Guðs og veðurfars, en svo tekur sögumaður til máls og leiðir lesendur inn í baðstofuna:

#### I. Islands kulda-vedráttu.

Lofa þú Zion þinn Gud! – sem skipar, og allt verður jafnskiótt, sem hann býður. Hann sendir sníó ofan, sem ullu, og striálar út hrími eins og øsku. Hann kastar ís nidur í styckjum. Hvorr gétur þólad hans mikla frost? Þegar hann skipar, bráðnar það allt, og þá hann sendir sinn þey, rennur það í sundur ad vatni.

Þegar eg í röckrinu kom uppá pallinn, vard mér ad ordum; eins og opt kann verda, ad eg spurdi: hvad væri fréttu? Litla stund gégnði mér enginn, því nýlega hafdi eckert frétt-næmt heyrst, en þá enginn

<sup>38</sup> Um ævintýri Madame d'Aulnoy sjá til dæmis: Ásdís Rósa Magnúsdóttir, „Um bókmenntaleg ævintýri í Frakklandi á 17. öld. ‚Hamingjueyjan‘ og ‚Blái fuglinn‘ eftir Madame d'Aulnoy“, *Milli mála*, 13/2021, bls. 223–249.

<sup>39</sup> Anne Defrance, „Les premiers recueils de contes de fées“, *Féeries. Études sur le conte merveilleux, XVII<sup>e</sup>-XIX<sup>e</sup> siècle*, 1/2004 (*Le Recueil*), bls. 27–48.

<sup>40</sup> Hannes var ekki fyrstur manna til að setja saman slíkt verk hérlandis á þessum tíma. Árið 1780 mun fyrsta samtalsbókin hafa komið út, en það var kennslubók í búskaparháttum: *Atli eður ráðagjörðir yngismanns um búnað sinn, helst um jarðar- og kvikfjárrækt, atferð og ágóða, með andsvari gamals bónda, samanskrið fyrir fátækis frumbýlinga, einkanlega þá sem reisa bú á eyðijörðum*, og var eftir séra Björn í Sauðlauksdal; sjá Matthías Viðar Sæmundsson, „Upplýsingaröld. 1750–1840“, *Íslensk bókmenntasaga*, III, ritstjóri Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, bls. 21–218, hér bls. 106–111.

svaradi, sagði Sigurdur, svo sem til að láta það eitthvad heita: Kominn er kaldur vetur! hvað ed gaf efni til eptirfylgjandi samtals:

Prestur. Satt er, eptir sem nú er kallad, ad vetur kom í dag; þó hefir enn lærði Lögmaður Páll Vídalín skrifad og sannad, ad hitt sé réttara ad biria veturinn á Laugardegi, það er að skilja, svo sem á morgun. En því sagdir þú, Sigurdur minn! ad kaldur vetur væri kominn, þar ed í dag hefir verid blíðvidri?

Sigurdur. Því veturinn færir ætíð kulda med sér, og það er ecki minsta bolid ockar kuldinn, sníórinn og vetrar-harkan hérna á Islandi.

Prestur. Þá heldur þú kannské, ad hvörgi séu illvidri nema á Islandi, og ecki sé nema bolid eitt af snió og kulda?

Sigurdur. Lángtum heitara held eg sé annarstadar enn hérna, hellst sunnast á jörðunni, því sólin er fyrir sunnan heiminn, og vid erum hérna í nordrinu lengst frá henni.

Prestur. Skíatlast þér nockuð í því; jörðin er sköpud eins og hnöttur edur hnoda, sem veltist í kríng ...<sup>41</sup>

Í *Kvöldvökunum* eru rétt um tíu samtöl og sum þeirra hefur Hannes fengið að láni úr danskri þýðingu á riti Christians Gotthilfs Salzmanns, *Unterhaltungen für Kinder und Kinderfreunde*, sem kom út í átta bindum í Leipzig á árunum 1778 til 1787. Samtölin eru fá miðað við fjölda kafla og vökulestra en Hannes grípur iðulega til þess ráðs að láta rödd sögumanns í fyrstu persónu heyrast utan samtalanna: „Ég hætti vid í gærkvöldi ...“, „Piltar mínir mintu mig á það loford, ...“, „Eg kom fyrr inn i badstofuna i kvöld enn ég var vanur ...“, „Mér væri kvöl ad verda ad segja ykkur ...“, „Þegar ég kom inn í badstofuna, var fyrir stundarkorni búid ad kveikja, og heyrdi ég ad eitthvad var í tali ...“, og undir lok verksins (27. desember) tengir sögumaður fróðleik um vatn við dvöl sína í Kaupmannahöfn:

Í þetta sinn beiddu börn mín og fólkið mig ad enda það, sem eg fyrir nockru lofad hafði, ad segja þeim dæmi uppá manneskju er ecki gæti sockið í vatni, og uppá vatn, sem enginn gæti sockið í, hvört-veggja sýndist þeim undarlegt, og höfðu þau gjört sér ymsar gétgátur um

<sup>41</sup> *Kvöld-vökurnar 1794*, Fyrri Parturinn, bls. 1–2.



hvörninn það gæti skéd, hvørsvegna eg leitadist við að sedja forvitni þeirra á þenna hátt: Á síðustu árunum, sem eg var í Kaupmannahöfn

...<sup>42</sup>

Með þessu móti tengir Hannes saman þá ólíku kafla og frásagnir sem finna má í *Kvöldvökunum* og gerir úr því heilsteypt rit. Magnús Stephensen fetaði í fótspor hans með tímaritinu *Skemtileg vína-gledi í fróðlegum samræðum og liódmælum*, leidd í ljós af Magnúsi Stephensen, sem kom út árið 1797, reyndar bara í eitt skipti. Þar er að finna smásögur – sumar hverjar líklega úr safni Hannesar – sem felldar eru inn í frásagnarramma þar sem fjórar sögupersónur skiptast á skoðunum, í anda upplýsingarinnar.<sup>43</sup>

Að lokum er forvitnilegt að staldra við tilurð *Kvöldvakanna* og *Le Magasin des enfants* og þýðingar Hannesar. Eins og kemur fram í formála Hannesar og Leprince de Beaumont hafa þau bæði áhyggjur af því að börn verði fráhverf lestri, hún vegna þess að lesefnið sé of þungt eða skaðlegt, hann vegna þess að læri börn að lesa með hjálp trúarrita, verði þau fráhverf trúnni. Hún dáist að skynsemi og dyggðum Englendinga þar sem hún býr á ritunartíma verksins, hann að ágæti íslensks almúga. Hún útskýrir nauðsyn þess að endursegja verkin á einfaldan hátt til þess að lesendur hennar skilji þau; honum er umhugað um velja ekki of torskilin verk til þýðingar – þótt í því felist að hann geti ekki valið þau bestu – og gætir þess að stúllinn hæfi þeim sem verkið er ætlað. Leprince de Beaumont endurskrifaði og breytti þeim sögum sem hún fékk að láni hjá öðrum höfundum, setti fram skýran siðaboðskap og dró gjarnan úr hlut álfkvenna. Þótt Hannes hafi í mörgum tilvikum gert litlar breytingar á þeim textum sem hann útlagði klæddi hann ævintýri Leprince de Beaumont nokkuð vandlega í „íslenskan búning“ en í því fólst að íslenska nöfn sögupersónanna, gefa sögunum ný heiti og taka út sumar – þó ekki allar – tilvísanir í hluti eða veruleika sem var lesendum framandi. Þannig fjarlægði biskupinn „súkkulaðidrykk“ út úr einni sögunni og skrifar „frókost“ í staðinn þótt handrit sýni að Hannes hafi fyrst reynt að útleggja orðið „chocolat“ sem „sykurladi“ en síðan hafi verið strikað yfir það torskilda nýyrði, hvort sem það var Hannes sjálfur eða einhver annar. Í öðrum tilvikum breytir hann söguþræðinum lítillega og þá helst í þeim tilgangi að minnka inngrip hins yfirnáttúrulega og lyfta enn frekar dyggðum þolgæðis og þrautseigju. Í „Sögunni af Trausta konungi“ („Le Prince Titu“) er

<sup>42</sup> *Qvöld-vokurnar 1794*, Síðari Parturinn, bls. 269.

<sup>43</sup> Sjá til dæmis Matthías Viðar Sæmundsson, „Upplýsingaröld. 1750–1840“, bls. 107–111. Fleiri verk af svipuðum toga fylgdu í kjölfarið, sjá til dæmis Helga K. Gunnarsdóttir, „Bókmenntir“, bls. 226–228.



álfkona í lykilhlutverki í ævintýri Leprince de Beaumont en biskupinn gerir sér lítið fyrir og skiptir henni út fyrir kerlingu sem breytir um útlit með því að fara í önnur fót í stað þess að skipta um ham. Í frönsku sögunni er álfkonan gædd yfirnáttúrulegu innsæi og veit allt um líf annarra sögupersóna. Hannesi hefur ekki hugnast það, hann endurskrifar upphaf sögunnar og rekur ættir kerlingar til aðalsöguhetjunnar; þannig fæst skynsamleg skýring á framkomu kerlingar í sögunni. Hannes þurrkaði álfkonuna þó ekki út úr öllum ævintýrum Leprince de Beaumont og útleggur orðið *fée* („álfkona“) þá ýmist sem „valva“, „huldukona“, „norn“ eða „lopt-gydia“.

Hér hefur einkum verið vikið að þeim hluta stuttra sagna í *Kvöldvökunum 1794* sem rekja má til einnar þekktustu frönsku barnabókar og ævintýrasafns 18. aldar, *Le Magasin des enfants*. Mörg önnur rit voru notuð við gerð vökulestranna en Hannes Finnsson sýndi verkum Marie Leprince de Beaumont sérstakan áhuga. Í anda upplýsingarinnar voru Hannes og Leprince de Beaumont á varðbergi þegar hindurvítni og hið yfirnáttúrulega voru annars vegar. Þau vildu uppfræða lesendur og útskýrðu eðli hlutanna í löngu máli þótt trúin sé alltumlykjandi í verkum þeirra og hin guðlega forsjón í hávegum höfð. Þegar sögumaður hins lærða biskups fræðir börnin um orsakir vindanna endar hann til að mynda á þeim orðum að Guð haldi í taumana. Leprince de Beaumont tilgreinir í innangi sínum að langflest þeirra ævintýra sem hún hafi lesið séu skaðleg börnum og því hafi hún endurskrifað eða samið sjálf þá texta sem eru í verkinu; ævintýrin þrettán í *Le Magasin des enfants* voru því sniðin að ungum lesendum og þess vegna hentuðu þau vel uppfræðingarstefnu franska rithöfundarins. Í formála sínum gagnrýndi Hannes „ósiðsamleg ævintýri, riddara- og tröllasögur“ og hann fór því vökulu auga yfir verk Marie Leprince de Beaumont áður en hann valdi úr þeim frásagnir og lagaði að nýjum hópi lesenda. Nákvæm greining hans á verkum hennar hlýtur þó að hafa sannfært hann um að þegar öllu var á botninn hvolft hentuðu frönsku ævintýrin ekki síður til siðbótar en stuttar sögur af barnabrestum og ómildum afleiðingum þeirra eins og sagt er frá í *Sumargjöf handa börnum*.

## ÚTDRÁTTUR

Stuttir textar af ýmsum toga voru vinsælt efni í fyrstu ritunum sem ætluð voru ungmennum hérlandis. *Sumargjöf handa börnum* kom út árið 1795 og á árunum 1796 og 1797 voru *Kvöldvökurnar 1794* eftir Hannes Finnsson gefnar út. Í *Kvöldvökunum 1794* er að finna úrval stuttra frásagna af ólíkum toga, flestar þýddar úr frönsku og þýsku. Hannes Finnsson var kunnugur mörgum erlendum verkum fyrir ungmenni en sýndi ritum franska rithöfundarins og kennslukonunnar Marie Leprince de Beaumont sérstakan áhuga. Eitt verka hennar er *Le Magasin des enfants* sem kom út í Lundúnum árið 1756 og gjarnan er lítið á sem fyrstu frönsku barnabókina. Hannes þýddi margar af sögunum sem þar birtust og vera má að hann hafi haft verkið til hliðsjónar við gerð *Kvöldvakanna 1794*. Í greininni er fjallað um helstu einkenni ritanna tveggja: trúarlega og vísindalega uppfræðslu, siðbætandi sögur, samtöl og, að lokum, örlítið um þýðingar Hannesar á sögum Leprince de Beaumont.

*Lykilorð:* Hannes Finnsson, *Kvöldvökurnar 1794*, *Sumargjöf handa börnum*, smásögur, *Le Magasin des enfants*, Marie Leprince de Beaumont

## ABSTRACT

### **On moral tales and stories in the *Vigils 1794* Hannes Finnsson and Marie Leprince de Beaumont**

Short texts were popular content in the first publications intended for young people in Iceland. *Sumargjöf handa börnum* (*Summer-Gift for Children*) was published in 1795, and in 1796 and 1797, *Kvöldvökurnar 1794* (*The Vigils 1794*) by Hannes Finnsson were published. *The Vigils 1794* contain a selection of short texts of various types, most of them translated from French and German. Hannes Finnsson was familiar with many foreign works for young people but showed particular interest in the writings of the French author and teacher Marie Leprince de Beaumont. One of her books, *Le Magasin des enfants*, was published in London in 1756 and is often considered as the first French children's book. Hannes translated many of the tales written by Leprince de Beaumont, and he may have used her work as a reference for *Kvöldvökurnar 1794*. The article discusses the main characteristics of the two publications: religious

and scientific education, moral fairy tales, conversations, and, finally, a brief mention of *Hannes's translations* of Leprince de Beaumont's tales.

*Keywords:* Hannes Finnsson, *Kvöldvökurnar 1794*, *Sumargjöf handa börnum*, short stories, *Le Magasin des enfants*, Marie Leprince de Beaumont

ÁSDÍS RÓSA MAGNÚSDÓTTIR

Prófessor í frönsku máli og bókmenntum

Mála- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

asdisrm@hi.is

